

1893, B. bls. 1—2 og 62—63); húsmennskudvöl hans getur því ekki verið því **87** til fyrirstöðu, að hann hafi öðlaztsveitfesti með dvöl sinni í Rosmhvalaneshreppi. 5. júní. Að því er hið síðara atriði snertir, að hann hafi þegið styrk af hreppsþje, er það upplýst, að hjer er að ræða um svo nefnt bráðabyrgðalán sökum hallæris, og með því að ekki er sannað nje upplýst, að sömu reglum hafi verið fylgt og sömu skilyrða gætt við veitingu þessa láns, eins og fylgja ber og gæta til þess að sveitarstyrkur geti talizt löglega veittur, eins og líka það atriði, að hreppsnefndin hefir ekki tilkynnt þáverandi framfærslusveit hans lánveitingarnar nje krafizt endurgjalds á lánsupphæðinni, virðist benda á, að hreppsnefnd Rosmhvalaneshrepps hafi ekki frá upphafi skoðað lánið sem sveitarstyrk, þá verður ekki með nægilegri vissu ályktað, að sveitfestisdvöl Halldórs í Rosmhvalaneshreppi hafi rofizt við nefnda lánveitingu, og ber því að álita, að Halldór Einarsson hafi við dauða sinn verið sveitlægur þar í sveit, og ber Rosmhvalaneshreppi því að endurborga bæjarsjóði Reykjavíkur framlagðar 31 kr. Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusamlega, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

**Brjef til landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um embættislán handa presta- 88**  
kalli (ágrip). 22.júní.

Með brjefi þessu var samþykkt, að presturinn að Ásum í Skaptártungum tæki embættislán upp á prestakall, sitt að upphæð 1500 kr., til þess að byggja upp kirkju að Ásum. Lánið á að vera endurborgað með vöxtum á 20 árum.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um 89**  
lántökuleyfi handa amtsráði (ágrip). 27.júní.

Með brjefi þessu var amtsráði vesturamtsins leyft að taka 3000 kr. lán til 6 ára til styrktar búnaðarskólanum í Ólafsdal.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu nm 90**  
endurveitingu hlunninda handa sparisjóði. (ágrip). 29.júní.

Með brjefi þessu voru sparisjóðnum á Akureyri endurveitt um 5 ára tímabil frá 1. jan. 1896 hlunnindi þau er samkv. tilsk. 5. jan. 1874 voru veitt honum með lhbrj. 30. desbr. 1890, með venjulegum skilyrðum, þar á meðal um reikningsform, sbr. lhbrj. 30. nóv. 1892 (Stjt. 1892, B, bls. 257).

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um 91.**  
útsvarsálag á verzlanir. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 16. apríl þ. á. hafid þjer 2. júlí. herra amtmaður, sent mjer erindi frá verzlunarstjóra Ó. F. Daviðssyni á Vopnafirði, þar sem hann spyrst fyrir um það, hvernig skilja beri lög 9. ág. 1889, að því leyti sem þau ákveða, að leggja skuli á verzlanir útsvar, er samsvari út-